

Mál 15/2019

Miðvikudaginn 14. ágúst, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 15/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 25.3.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 28.12.2018 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með gilt augnvottorð við pörun við tíkina B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 19.6.2019 og henni gefinn andmælafrestur til 17.7.2019. Með gotskráningunni fylgdi bréf frá kærðu þar sem farið var yfir orsakir brotsins og það viðurkennt. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 28.12.2018 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með gilt augnvottorð við pörun við tíkina B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Rakkinn er af kyninu Miniature Pincher og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: Miniature Pincher

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. Staðfest heilbrigði hnéskelja frá dýralækni: Niðurstöður liggja fyrir við þörun. Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggja fyrir við þörun til þess að tryggj sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrirséð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir